

með því að sú ráðstöfun hans, að láta gjöldin til geymslu í útibú Landsbankans á Akureyri á þann hátt, sem að ofan segir, alls eigi getur talist greiðsla til stefnda, verður að lita svo á, að áfrýjandi hafi átt jarðarafgjaldið fyrir fardagaárið 1915—1916 ógreitt meir en misseri eftir eindaga, svo að hann samkvæmt 24. gr. nefndra laga hafi fyrirgert ábúðarrétti sínum á Syðsta-Samtúni, og að stefnda því hafi verið rétt samkvæmt 29. gr. laganna að láta bera áfrýjanda út af jörðinni með fógetagerð. — Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og útburðargerð, og er rétt eftir þeim úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði og útburðargjörð á að vera óraskað. — Áfrýjandi, Þorlákur Einarsson, greiði stefnda, Jóni Markússyni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr., er lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 90/1917.

Ásmundur Eiríksson
 gegn
 Páli Jónssyni.

D ó m u r :

Fyrsta fyrirtektardag máls þessa í yfirdóminum 10. f. m. lagði áfrýjandi fram yfirdómsstefnu og vottorð sýslumannsins í Árnessýslu dags. 9. f. m. þess innihalds, að dómsgjörðir í málinu væru ekki enn afgreiddar »en mundu verða það í þessum mánuði« (o: desembr.) og bað um frest til 7. næsta mánaðar (o: janúar), en þessum fresti var mótmælt af stefnda, og varð það þá að samkomulagi málsaðila, að áfrýjandi fengi vikufrest. Þegar málið næst kom fyrir í yfirdóminum 17. f. m., bað áfrýjandi um frest til 2. réttardags í þessum mánuði (o: 14. janúar) og gat þess að hann hefði beðið um dómsgjörðir málsins með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 2. nóv. f. á. Af hálfu stefnds mætti þá enginn, og var málið tekið undir úrskurð eða dóm.

Þar sem áfrýjandi hefir eigi lagt fram héraðs-réttargjörðir í málinu og enga málsútlitun frekar en í stefnuni felst, verður eigi hjá því komist að frávísa málinu samkvæmt ákvæðinu í tilsk. 3. júní 1796 5. gr. og getur það ekki á neinn hátt stöðað áfrýjanda þótt hann hafi vottorð héraðsdómarans um, að hann hafi eigi getað afgreitt dómsgjörðir undirréttarins nægilega tímanlega úr því stefndi mótmælti lengri fresti en hinum veitta vikufresti.

Málinu verður samkvæmt þessu að frávísa, en málskostnaður fellur niður, með því að stefndi hefir eigi krafist hans.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum; málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 83/1917.

Eggert Claessen f. h. Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur
gegn

skiftaráðandanum í Árnessýslu f. h. dánarbús Ólafs Árnasonar svo og erfingjum og nokkrum skuldheimtumönnum búsins.

Dómur:

Áfrýjandinn Eggert Claessen yfirdómsmálaflutningsmaður hefir fyrir hönd Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 8. okt. f. á. 3 úrskurðum uppkveðnum í dánarbúi Ólafs Árnasonar af skiftarétti Árnessýslu 24. febr., 3. marz og 5. marz f. á. og hljóða úrskurðirnir þannig í réttri röð:

1. Kröfur þær, sem lýst hefir verið í búið og taldar eru á réttarskjali nr. 18, skulu teknar til greina með þeim takmörkunum, sem athugasemdir á skuldaskránni fela í sér.